

252. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Hovedinnlegg)

Frú forseti, hv. þingmenn. Fyrir hönd ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir legg ég fram greinargerð um rannsóknastefnu ráðherranefndarinnar. Undanfarin ár höfum við séð vaxandi áhrif loftslagsbreytinga, einnig á Norðurlöndunum. Í sumar olli stormurinn Hans víðtækum flóðum í Noregi og Svíþjóð. Það flæddi yfir mikilvæga innviði og fólk neyddist til að yfirgefa heimili sín. Á Íslandi sjáum við hvernig jöklarnir hopa vegna hækkandi hitastigs og margir þeirra munu hverfa á komandi árum.

Rannsóknir á Norðurlöndum snúast oft um viðbúnað til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Þar er ýmist um að ræða baráttu við loftslagsbreytingar og sýklalyfjaónæmi, fólk á flóttu undan stríðsástandi í Úkraínu eða áhrif heimsfaraldursins á börn og ungt fólk. Þekking á því hverjar þessar áskoranir eru og hvernig við eigum að takast á við þær er afgerandi svo að Norðurlönd styrkist sem svæði eins og frekast er unnt.

Ég vil gjarnan draga fram nokkur meginatriði í greinargerðinni. Norðurlöndin eru öflugt rannsóknasvæði og það á einnig við um rannsóknir innan ramma norrænu ráðherranefndarinnar. Fræðimenn á Norðurlöndum eiga náð samstarf, Norðurlöndin búa að öflugum fagumhverfi og taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og nýsköpunarumhverfið á Norðurlöndum er orðið mjög gott. Starfsemi NordForsk verður æ faglegri og er með góð tengsl og samskipti við rannsóknaráð landanna. Löndin leggja sífellt meira fé í rannsóknastyrki og norrænir fræðimenn sem taka þátt í verkefnum leggja áherslu á þann virðisauka sem þátttakan skapar. Mikilvægt er að

rannsóknirnar sem fara fram hafi gildi fyrir norrænu ráðherranefndina í heild, hvort sem þær snúa að málefnum hafsins, landbúnaði, heilbrigðis- eða velferðarmálum, stafrænni þróun eða málefnum barna og ungmenna.

Í greinargerðinni eru mjög mörg dæmi um áhugaverð verkefni og niðurstöður sem ég hvet ykkur til að kynna ykkur. Dæmi um þetta eru m.a. styrkir vegna grænna umskipta en það á að veita 137 milljónir norskra króna til fjölbreyttra verkefna á sviði grænna umskipta næstu fjögur árin. Annað dæmi er væntanlegt umsóknarferli vegna málefna norðurskautsins en sú upphæð gæti numið allt að 200 milljónum norskra króna og felur í sér samstarf við Kanada og Bandaríkin.

Skandinavisk oversettelse

Fru præsident, ærede parlamentarikere. På vegne af ministerrådet for uddannelse og forskning præsenterer jeg en redegørelse for ministerrådets forskningspolitik. I de senere år har vi set tiltagende konsekvenser af klimaændringerne, også i Norden. I sommer forårsagede stormen Hans omfattende oversvømmelser i Norge og Sverige. Vigtige infrastrukturer blev oversvømmet, og mennesker blev tvunget til at forlade deres hjem. I Island ser vi gletsjere, der trækker sig tilbage på grund af stigende temperaturer, og mange af dem vil forsvinde i de kommende år.

Forskningen i Norden handler ofte om beredskab for at kunne håndtere fremtidens udfordringer. Det kan være kampen mod klimaændringer og antibiotikaresistens, mennesker på flugt fra krigen i Ukraine eller pandemiens konsekvenser for børn og unge. Viden om, hvilke udfordringer der er tale om, og hvordan vi håndterer dem, er afgørende for, at Norden som region styrkes mest muligt.

Jeg vil gerne fremhæve et par hovedpunkter i redegørelsen. Norden er en stærk forskningsregion, og dette gælder også forskning inden for rammerne af Nordisk Ministerråd. Forskere i Norden har et tæt samarbejde, de nordiske lande skaber et stærkt fagligt miljø og deltager aktivt i det internationale samarbejde, og innovationsmiljøerne i Norden er blevet rigtig gode. NordForsks virksomhed bliver stadig mere faglig med gode kontakter

og kommunikation med de nationale forskningsråd. Landene bidrager med stadig flere midler til forskningsstipendier, og nordiske forskere, som deltager i projekter, understreger den merværdi, som deltagelsen skaber. Det er vigtigt, at den forskning, der udføres, har en værdi for Nordisk Ministerråd som helhed, hvad enten det drejer sig om havets anliggender, landbrug, sundheds- eller velfærdsspørgsmål, digitalisering eller børn og unge.

Redegørelsen giver mange eksempler på interessante projekter og resultater, som jeg anbefaler, at I læser. Et eksempel er bl.a. stipendier i forbindelse med grøn omstilling, hvor der bevilges 137 millioner norske kroner til forskellige projekter på området i de kommende fire år. Et andet eksempel er et forestående udbud af midler til forskning om Arktis, hvor det samlede beløb kan løbe op på 200 millioner norske kroner, og omfatter et samarbejde med Canada og USA.

Til sidst vil jeg nævne, hvor vigtigt det er, at der stadigvæk er en vilje til at investere i forskning i Norden. Vi har brug for et solidt kendskab til, hvad forskningen består i, og sammen skal vi skabe gode arbejdsvilkår for nordiske forskere. Vi bifalder Nordisk Råds interesse for forskning og støtte gennem mange år, og jeg ser frem til et fortsat godt samarbejde fremover.

Að lokum nefni ég að það er mikilvægt að áfram sé vilji til að fjárfesta í rannsóknum á Norðurlöndunum. Við þurfum staðgóða þekkingu á því hvað felst í rannsóknum og saman þurfum við að skapa norrænum fræðimönnum góð starfsskilyrði. Við fögnum áhuga Norðurlandaráðs á rannsóknum og stuðningi til margra ára og ég hlakka til að eiga áframhaldandi gott samstarf í framtíðinni.

Tale nummer

252

Type

Hovedinnlegg

Person

[Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

02.11.23 08:30

